

Nd.

557. Frumvarp til laga

[201. mál]

um breyting á lögum um Atvinnujöfnunarsjóð, nr. 69 12. maí 1966.

Flm.: Jón Ísberg.

1. gr.

Á eftir fyrstu mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt skal sjóðstjórninni að lána fyrirtækjum í nýjum iðngreinum sérstök stofnlán, er mega nema sömu upphæð og stofnframlög eigenda, og verði vextir hinir sömu og eigendur raunverulega fá í arð eftir stofnfjármagn sitt. Slík lán verða ekki endurkræf, fyrr en fjárhagur fyrirtækjanna er kominn á traustan grundvöll, og hafa ekki áhrif á aðrar lánveitingar úr sjóðnum til viðkomandi fyrirtækja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það leikur ekki á tveim tungum, að mörg eða flestöll fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið hér á landi, hafa ekki yfir nægilegu fjármagni að ráða til þess að komast klakklaust yfir byrjunarerfiðleika. Þetta er eðlilegt, þar sem landið er fjármagnsnautt, en alls staðar þörf framkvæmda og fjárfesting tiltölulega mikil.

Fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið, hafa því treyst á lánsfé að langmestu leyti, en þá koma næstum því strax þungar afborganir. Sérstaklega kemur þetta þungt niður á fyrirtækjum, sem eru að ryðja braut nýjum iðngreinum, vegna þess að auk venjulegra byrjunarerfiðleika þarf oft að eyða stórfé í auglýsingar og til þess að kynna framleiðsluna.

Margar leiðir koma til greina til þess að auðvelda stofnun og rekstur slíkra fyrirtækja. En þá staðreynd verður að viðurkenna, að auknum fólksfjölda þjóðarinnar verður að útvega vinnu, og það vinnuafli verður að leita til iðnaðarins, vegna þess að í landbúnaði og sjávarútvegi er þróunin sú, að sífellt færri hendur framleiða stöðugt meira magn vegna nýrrar tækni og afkastameiri tækja.

Í þessu frumvarpi er bent á aðeins eina leið af mörgum, sem til greina koma, þar sem lagt er til, að Atvinnuöfnunarsjóður geti lagt fram sem sérstakt stofnlán jafnháa upphæð og stofnendur fyrirtækis, enda verði um nýja framleiðslu að ræða á þeim stað, þar sem fyrirtækið er stofnsett. Þetta ákvæði tekur til alls landsins, því að alls staðar er þörfin brýn. Þótt nú sé atvinnuástandið gott í mörgum landshlutum, þá verður að tryggja það í framtíðinni. Hins vegar eiga mörg héruð við atvinnuleysi að stríða, og kemur þetta ákvæði fyrst þar til framkvæmda, eins og t. d. á Norðvesturlandi.

Í atvinnumálum eru uppi tvær meginstefnur: að ríkið reki verksmiðjur og fyrirtæki og að einstaklingar leggi fram fjármagn og beri ábyrgð á rekstrinum. Hér á landi virðist ríkið í raun og veru vera eini aðilinn, sem getur lagt fram það mikið fjármagn, að um nokkurn verulegan rekstur geti verið að ræða, og meðan ástandið er þannig, verður þjóðin að hafa svo og svo mikinn ríkisrekstur, hvort sem hún vill eða ekki. Þetta frumvarp er flutt til þess að auðvelda einstaklingum að setja á stofn fyrirtæki í nýjum iðngreinum, og það ætti að vera þeim hvatning til að koma þeim á fót og mundi þá stuðla að eflingu einstaklingsframtaks einmitt á þeim vettvangi, þar sem ríkið er hvort sem er ekki hæfur aðili, þ. e. iðnaði í tiltölulega smáum stíl, sem veitir atvinnu nokkrum tugum eða hundruðum manna.

Til að skýra þessa hugmynd betur, vil ég taka þessi dæmi:

Stofnað er hlutafélag með 500 þús. kr. hlutafé, og þá getur félagið fengið jafnháa upphæð eða 500 þús. kr. í stofnlán, og vextir af því yrðu hinir sömu og raunverulegur arður yrði. Sama á sér stað, ef t. d. samvinnufélag setur á stofn verkstæði og sams konar verkstæði er ekki í nágrenninu. Þá getur það einnig fengið á móti stofnframlagi allt að sömu upphæð.

Reglur um reikningsskil, afskriftir, nýjar fjárfestingar o. fl. verður vitanlega að setja og fylgjast með því, að þessu framlagi sé varið eins og ætlazt er til.

Í 3. mgr. 5. gr. laganna um Atvinnuöfnunarsjóð, sem yrði 4. mgr., ef þetta frumvarp nær fram að ganga, er heimild fyrir stjórn sjóðsins að láta gera athuganir á rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja, og ber vitanlega að nota þá heimild, þegar til þess kemur, að umrædd fjárhagsaðstoð verði veitt.

Því verður vafalaust haldið fram á móti þessu máli, að þessi fjárhagsaðstoð Atvinnuöfnunarsjóðs muni draga úr vilja manna til þess að leggja fram fjármagn í ný fyrirtæki. Það er út af fyrir sig eðlileg skoðun þeirra manna, sem aldrei hafa komið nálægt atvinnurekstri nema sem fastlaunaðir embættismenn eða starfsmenn opinberra stofnana eða fyrirtækja. En fyrir hina mörgu í kaптúnum og kaupstöðum landsins, Reykjavík ekki undanskilin, er það hvatning að stofna til nýrra iðngreina, ef þeir eiga von á slíkum stuðningi auk venjulegra lána.

Þótt heimildin sé almenn, verður hún fyrst og fremst notuð til þess að bæta atvinnuástandið, þar sem það er verst á hverjum tíma, t. d. nú á Norðvesturlandi, en það er eina kjördæmið, þar sem fólki hefur fækkað á síðasta kjörtímabili.

Það er kominn tími til þess að horfast í augu við staðreyndir og spyrna fótum við, áður en um seinan verður. Landið verður að vísu á sínum stað, en fólkið flyzt þangað, sem það hefur möguleika til að vinna fyrir sér.

Gamalt kínverskt máltæki segir eitthvað á þá leið, að viljir þú seðja hungur

manns, átt þú að gefa honum hnefa af korni, en viljir þú koma í veg fyrir hungur hans framvegis, átt þú að kenna honum að rækta korn. Og þetta frumvarp gengur einmitt í þá átt, að styðja menn og þá um leið byggðarlög til þess að sjá sér farborða.

Við biðjum ekki um ölmusu, heldur snæri nútímans. Á tímum Jóns Hreggviðssonar báðu menn um snæri, nú biðjum við um afl þeirra hluta, sem gera skal, fjármagn.